

1. Við Álfrólsvog frá Túnbrekku að Skálaheiði eru bílastöður bannaðar að norðanverðu við götuna.
2. Bílastöður við húsagötu Álfrólsvogar milli Túnbrekku og Skálaheiðar eru bannaðar að sunnanverðu.
3. Við Kársnesbraut austan við Norðurvör eru bílastöður bannaðar að norðanverðu við götuna.
4. Við Borgarholtsbraut vestan Urðarbrautar eru bílastöður bannaðar sunnan götunnar.
5. Við Urðarbraut norðan Borgarholtsbrautar eru bílastöður bannaðar að austanverðu við götuna.
6. Við Hamraborg frá brú yfir Hafnarfjarðarveg að Vallartröð eru bifreiðastöður leyfðar á afmörkuðum bílastæðum meðfram götunni (áður bannaðar).
7. Við Digranesveg frá Neðstutröð að Vallartröð eru bifreiðastöður bannaðar við norðurkant götu.
8. Á húsagötu Álfrólsvogar milli Túnbrekku og Skálaheiðar verði einstefnuakstur í vesturátt.
9. Á bílastæðum við Hamraborg 2—26, sé einstefna út frá stæðunum að Vallartröð, hámarkshraði á bílastæðum þessum sé 20 km. á klst.
10. Á bílastæðum við Hamraborg 7—11, skal vera einstefna inn á stæðin að vestan og ekið sé út að austan.
11. Að á bílastæðum við Hamraborg 1—5, skal innakstur frá Skeljabrekku vera bannaðar.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968 og koma til framkvæmda þegar í stað. Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Kópavogi, sem brjóta í bága við ákvæði auglýsingar þessarar.

Bæjarfógetinn í Kópavogi, 5. janúar 1978.

Sigurgeir Jónsson.

AUGLÝSING

um skipulag í Reykholtaldshreppi í Borgarfjarðarsýslu.

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins hefur ráðuneytið samkvæmt heimild í 4. gr. laga nr. 19/21. maí 1964 ákveðið að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 skuli ná til Reykholtaldshrepps í Borgarfjarðarsýslu að undanskyldum nauðsynlegum byggingum vegna búrekstrar á lögbýlum.

Félagsmálaráðuneytið, 9. janúar 1978.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.